

þess eina þjóðfloks og engrá annara. Þessi dýrkun eins guðs sem þjóðarguðs, en jafnframt viðurkenning að það séu til aðrir guðir sem einnig séu máttugir og voldugir (henotheism), finst hvervetna í gamla testamentinu. Guðir nágrannaþjóðanna, Baalim og Astaroth, sem svo oft er talað um í ritum Gamla testamentisins, voru álitnir að vera engu síður voldugir og máttugir guðir heldur en Jahve. Að eins Ísraelsmenn máttu ekki dýrka þá vegna þess, að þeir voru annara þjóða guðir, og Ísrael var Jahve skuldbundinn, rétt eins og sá, sem er minni máttar, er þeim skuldbundinn, sem sterkari er, og heldur verndarhendi yfir honum, þegar á þarf að halda. Þegar Ísraelsmenn reyndust Jahve ótrúir og tilbáðu aðra guði, sem átti sér stað á mjög eðlilegan hátt, þar sem Jahve var í rauninni ekki guð landsins, sem þeir unnu undir sig, heldur útlendur guð fyrst um sinn, var því oft líkt við ótrúmensku giftrar konu við manninn sinn. Hóseas spámaður lítur þannig á sambandið á milli Jahve og hans útvöldu þjóðar Ísraels. Það er ekki fyr en tiltölulega seint, að á þeirri skoðun fer að bera í Gamla testamentinu, að Jahve sé alheimsguð og að enginn annar guð sé í raun og veru til. Það er því rangt að kalla trúarbrögð þau, sem finnast víðast hvar í G. testamentinu, eingyðistrú, sé með eingyðistrú átt við trú á tilveru og mátt að eins eins guðs.

Gyðingaþjóðin átti aldrei neina heimspekinga, fyr en hún fór að verða fyrir áhrifum frá grískri menningu. Frá fyrstu tínum var hún þjóð, sem átti í völk að verjast með að viðhalda sjálfstæði sínu og verja frelsi sitt fyrir öðrum þjóðum. Á meðan Ísraelsmenn voru að brjóta undir sig landið og undiroka þá, sem þar bjuggu fyrir, sem tók afarlangan tíma og var aldrei fullkomlega aflokið, var Jahve sá guð, sem hafði velþóknun á hernaði og hreystiverkum síns fólks. Seinna, þegar aðrar voldugri þjóðir fóru að gera árásir á landið, og meiri hluti þjóðarinnar var fluttur í útlegð, þá varð Jahve guð hinna undirokuðu, réttlátur guð, sem umbunaði hinum réttlátu, og létt hefnd sína koma niður á hinum ranglátu. Fyrir þessar ytri kringumstæður, hina stjórnarfarslegu hættu, sem þjóðin stóð altaf í, og svo hugsunarhátt þjóðarinnar sjálfrar, sem ávalt snérist meira um